



Ingibjörg Steinunn Sigurbjörnsdóttir

MS-ritgerð: Tengsl sjálfsáts og utanfrumubóla (EVs) í krabbameinsfrumum.

Höfundur:

Ingibjörg Steinunn er fædd þann 2. júlí 1996, og er alin upp á Akranesi. Foreldrar hennar eru Soffía Guðrún Ómarsdóttir og Sigurbjörn Björnsson. Hún útskrifaðist með stúdentspróf frá Fjölbrautaskóla Vesturlands árið 2015. Ári síðar hóf hún nám við lyfjafræðideild Háskóla Íslands. Samhliða náminu eignaðist Ingibjörg dótturina Móeiði Helgu, með maka sínum Þorleifi Baldvinssyni. Ingibjörg hefur starfað hjá Apóteki Vesturlands samhliða námi og mun hefja störf þar sem lyfjafræðingur í sumar.



Stuttur útdráttur úr ritgerð:

Truflun á bæði sjálfsátsferlinu og lífmyndun utanfrumubóla (EVs) í frumum hefur áhrif á þróun krabbameins, og vísbendingar eru um að þessir ferlar gætu tengst í gegnum ATG prótein. Í þessari rannsókn var EV seyting HeLa krabbameinsfrumna skoðuð og ákvarðað hvort ATG8 genaútsláttur hefði áhrif á fjölda og stærð EVs. Undirmarkmið var að staðfesta að einangruðu agnirnar væru EVs með því að skoða hvort ákveðin prótein sem eru einkennandi fyrir EVs væru til staðar og mynda agnirnar með rafeindasmásjá. Samkvæmt niðurstöðum þessarar rannsóknar minnkaði EV seyting hjá ATG8 hexa-KO frumulínum verulega. Ekki tókst að bera kennsl á EVs með EV-sértækum próteinum. Hins vegar gefa rafeindasmásjármyndir og greining á fjölda agna með NTA til kynna jákvæða einangrun á EVs, en ekki er hægt að fullyrða um það.